

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 30. stjórnarfundar, haldinn 13. maí, 2024 í Borgartúni 26, kl. 11:40-13:40.

Mætt voru: Óskar Jósefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson sat fundinn undir liðum 3-4.

Hermann Hermannsson vék af fundi vegna vanhæfis við ákvarðanatöku í einu máli.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð

Fundargerð 29. fundar samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri greindi frá undirbúningi að ráðningu fjármálastjóra félagsins. Stjórn fól honum að ganga frá ráðningu.

Framkvæmdastjóri reifaði ýmis atriði varðandi tryggingamál stjórnar og starfsmanna félagsins. Stjórn fól honum að kanna þau atriði nánar.

Framkvæmdastjóri fór almennt yfir stöðu verkefnisins. Alls hafa borist 774 umsóknir. Búið er að þinglýsa 411 kaupsamningum og hefur kaupsamningsgreiðslan verið greidd vegna þeirra allra.

Framkvæmdastjóri fór yfir þau atriði sem huga þarf að varðandi útleigu íbúðarhúsa félagsins. Stjórn fól honum að halda undirbúningnum áfram. Ákveðið að félagið mun ekki huga að útleigu íbúðarhúsnæði til annarra en fyrri eigenda að svo stöddu, í ljósi yfirstandandi óvissuástands.

3. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á 43 fasteignum í Grindavík. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í öllum tilvikum. Ein kaup voru samþykkt með fyrirvara um að nánari upplýsingar um afgreiðslu NTÍ á bótagreiðslum. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

4. Önnur mál

Næsti fundur verður þriðjudaginn 14. maí kl. 14:00.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 13:40.

Óskar Jósefsson
Guðrún Þorleifsdóttir